


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Kennsluáætlun í byrjendalæsi



til notkunar með Komdu og skoðaðu umhverfið

eftir Sigrúnu Helgadóttur og Olgu Bergmann
Námsgagnastofnun 2002

Hugsuð fyrir 1. - 2. bekk

Sígurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um umhverfið, veður, fæðu, fatnað, tilfinningar, listaverkabækur þar sem umhverfið er fyrirmyndin.
Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum.
Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafn Efveri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

Í skólanum, í skólanum (bls. 2-5) **
Það er leikur að læra (bls. 2-5) * **
Inn og út um gluggann (bls. 4-5)
Litirnir (Grænt, græn,) (bls. 6-7)
Litirnir (Ég heiti Óli rauði) (bls. 6-7)
Kalli litli könguló (bls. 8-9)
Hver er sá veggur víður (bls. 8-9)
Með vindinum þjóta skúraský (bls. 8-9)
[Skýin](#) (bls. 8-9)***
[Vorvindar glaðir](#) (bls. 8-9) * **
[Ég bið að heilsa](#) (bls. 8-9) ***
[Ég bið að heilsa](#)
[Nú er úti norðanvindur](#) (bls. 10)
[Frost er úti fuglinn minn](#) (bls. 10) **
[Porrapræll](#) (Nú er frost) (bls. 10) *
Við göngum mót hækandi sól (bls.11) **

Ó blessuð vertu sumarsól (bls. 11) *
Sól, sól skín á mig (bls. 11) ***
Signir sól (bls. 11) **
[Ég á lítinn skrýttinn skugga](#) (bls. 11) ***
[Óskasteinar](#) (bls. 12-13) **
[Kall sat undir kletti](#) (bls. 12-13) *
Út um mó (bls. 14-15) **
[Litlu börnin leika sér](#) (bls. 14-15) ***
[Lóan er komin](#) (bls. 16-17) * **
[Sá ég spóa](#) (bls. 16-17) *
[Vertu til](#) (bls. 16-17) **
[Litlir kassar](#) (bls. 18-21) ***
[Heim í heiðardalinn](#) (bls. 21-24) ***
Stóra klukkan (bls. 22)
Þegar klukkan slær fimm (bls. 22) ** (ekki texti)

Dæmi um hlustunarefni

[Óðurinn til gleðinnar](#) á Boom Wackers
[Melodía í F-](#) Rubinstein
[The Shape Song](#)
[Prumu og eldinga polkinn](#) op.324 Johann Strauss Jr.
[Í þokunni](#) (In the Mists) - Janacek
[Skýin](#) (Clouds)– Griffes
[Regndropa preludía](#) – Chopin
[Raindrops keep falling on my head](#) – Bacharach
[Syncopated clock](#) – Leroy Anderson

[Vetur](#) (Winter) úr árstíðunum – Vivaldi
[Vor](#) (Spring) úr árstíðunum – Vivaldi
[Sumar](#) (Summer) úr árstíðunum – Vivaldi
[Ég á lítinn skrýttinn skugga](#)
[Haust](#) (autumn) úr árstíðunum – Vivaldi
[Steinharpa \(Páll í Húsafelli\)](#) – Bach
[Írsku svítan](#) (Irish Suite)-Leroy Anderson
[Ballett ófæddu unganna úr myndir á sýningu](#)
(Ballet of the Unhatched Chicks)- Mussorgsky
[Litlir kassar](#) (Little boxes) - Seeger

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, lesa í nánast umhverfi, læra ljóð (söngtexti), og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnæmt og sjónræmt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og samvinnu í hópstarfi.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn

Upplestur (Komdu og skoðaðu umhverfið)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Staðir sem tilheyra skólanum og eru nefndir í bókinni eru skráðir á töflu (flettitöfluna).
- Ýmsar teikningar sýndar af skólanum okkar.

Syngja: **Í skólanum** (bls. 2-5)

Það er leikur að læra (bls. 2-5)

Inn og út um glugg. (bls. 4-5)

Hlusta á: [Óðurinn til gleðinnar](#) á Boom Wackers
[Melodía í F](#)- Rubinstein

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(umhverfið)
Söngur
Hlustun
Hreyfing



Sinfónía

Óðurinn til gleðinnar er loka kaflinn úr níundu sinfóníu Beethovens saminn fyrir fjóra einsöngvara, kór og hljómsveit. Hann var gerður að einkennislagi Evrópu 1972. Sinfónía er verk fyrir hljómsveit sem er samsett úr mörgum köflum.



Reynið að syngja með, hér er ljóðið eftir Matthías Jochumsson þann sem samdi þjóðsönginn okkar:

Til gleðinnar

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér!
Í þinn hásal hrifnir eldi,
heilög gyðja, komum vér.
Þínir blíðu töfrar tengja,
tízkan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndis-vængjum þínum nær.
(Matthías Jochumsson)



Melodía er laglína sem sem er mjög sönggræn þó hún sé leikin á hljóðfæri, þig langar að syngja með.

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu): Skóli, fólk, vinir, inni, úti, heima, gluggi, utan, stofa, skólaból, tré, róla, hlið, hringur, ferningur, ferhyrningur, þríhyrningur, rok, veður, rigning, sól, loft, veðurtákn, vatn, ský, vatnsdropar, frjósa, fluga, birta, hlýja, skuggi, steinn, óskasteinn, jörð, planta, planta, orka, sólbað, fæða, dýr, könguló, járnsmiður, hús, hóll, fjall, flugvél, mynd, landakort, afi, amma, klukka, tími, uppáhaldsstaður, þúfa, lauf, haust, vetur, vor, sumar, engill, fugl, lykta
- **Lykilorð:** umhverfið, uppáhaldsstaður
Nota meðfylgjandi lykilorðablað til að skrifa á ný orð. (einstaklings- eða paravinna).
- Finna orð í textanum (ljósrit úr bókinni) sem innihalda sérhljóðana: u-ú (paravinna).
- Búa til ýmis misstór form úr lituðum pappír (efni) og búa til stórt myndverk á vegg á maskínupappír (striga)

Syngja: **Litirnir** (Grænt, grænt)(bls. 6-7)
Litirnir (Ég heiti Óli.)(bls. 6-7)

Hlusta á: [The Shape Song](#)

2. lota

Viðfangsefni bókin
Komdu og skoðuðu umhverfið
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Ritun – stafagerð
Sérhljóðin – u-ú
Myndræn yfirlærsla
Söngur
Hlustun

 Syngið með í *The Shape Song* á ensku.

Stöðvavinna:

- Hópur 1: Teiknar stórt Íslandskort á maskínupappír og litar.
- Hópur 2: Býr til veðurták. Táknin má skoða [hér](#).
- Hópur 3: Teiknar vindörvar ([skoða hér](#)) og hringlaga hitastigstölur, rauðar og bláar.

Syngja: **Kalli litli könguló** (bls. 8-9)
Hver er sá veggur (bls. 8-9)
Með vindinu þjóta (bls. 8-9)
Skýin (bls. 8-9)
Vorvindar glaðir (bls. 8-9)
Ég bið að heilsa (bls. 8-9)

Hlusta á: [Prumu og eldinga polkinn](#) op.324 Johann Strauss Jr.
[Í bokunni](#) (In the Mists) - Janacek
[Skýin](#) (Clouds)– Griffes
[Regndropa prelúdía](#) – Chopin
[Raindrops keep falling on my head](#) – Bacharach

3. lota

Myndræn yfirlærsla
Ritun – stafagerð
Læsi á veðurtákn
Söngur
Hlustun



[Polki](#) er fjörugur paradans frá Tékklandi, takturinn er tvískiptur (einn, tveir).





Prelúdía er forleikur, stutt verk fyrir hljóðfæri.



Chopin samdi *Regndropa prelúdíuna* í klaustri í ausandi rigningu. Hann var veikur að bíða eftir vinum sínum sem hann óttaðist um. Í verkinu lýsir hann innri átökum sem líkjast vatnsveðrinu úti. Hugsaðu þér á meðan þú hlustar að þú sért veik/ur að bíða eftir vinum þínum í vondu veðri.



Raindrops keep falling on my head, er úr kvikmyndinni *Butch Cassidy and the Sundance Kid* og hlaut Óskarsverðlaun sem besta lagið á sínum tíma.

<p>Einstaklingvinna:</p> <p>Teiknaðu uppáhalds veðrið þitt á meðfylgjandi Íslandsblað (teiknaðu veðurtáknin, hitastig, vindátt o.s.frv.). Segðu frá í nokkrum orðum af hverju þetta veður er í uppáhaldi hjá þér.</p> <p>Syngja: Nú er úti norðanvindur Frost er úti fuglinn minn Þorraþræll Ég á lítinn skrýttinn skugga</p> <p>Hlusta á: Vetur (Winter) úr árstíðunum – Vivaldi Ég á lítinn skrýttinn skugga Haust (autumn) úr árstíðunum – Vivaldi</p>	<p>4. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Fatnaður Veður Ný orð Ritun- stafagerð Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Syngdu <i>Ég á lítinn skrýttinn skugga</i>. Notaðu lampa til að lýsa á þig og framkalla skugga, dansaðu með.</p>
<p>Einstakling- eða paravinna:</p> <p>Vinna með ljósrit af ljóðunum hér að neðan eða varpa á vegg: Finna endarím í <i>Ó blessuð vertu sumarsól</i>, skrifa upp orðin tvö og tvö. Hverjir syngja í ljóðinu Signir sól? Teiknaðu mynd af þeim og skrifið nafn þeirra undir (fuglar- börn)</p> <p>Syngja: Við göngum mót (bls.11) Ó blessuð vertu (bls. 11) Sól, sól skín á mig (bls. 11) Signir sól (bls. 11)</p> <p>Hlusta á: Vor (Spring) úr árstíðunum – Vivaldi Sumar (Summer) úr árstíðunum – Vivaldi</p>	<p>5. lota</p> <p>Ný orð Ritun- stafagerð Rím Söngur Hlustun</p>
<p>Einstaklingsvinna:</p> <p>Teiknaðu óskasteininn þinn á meðfylgjandi blað og skrifaðu sögu um hann. Lestu söguna fyrir félagana.</p> <p>Syngja: Óskasteinar (bls. 12-13) Kall sat undir kletti</p> <p>Hlusta á: Steinharpa (Páll í Húsafelli) – Bach</p>	<p>6. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ritun – stafagerð Framsögn Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Prófaðu að búa til steinhörpu ef þú finnur heppilega steina. Þú getur líka búið til hljóðfæri með að raða vatnsglössum og setja mismikið vatn í þau og slegið í þau með teskeið.</p>

Umræða og hlustun

Nemendur hlusta á brot úr tónverkum eftir ýmsa höfunda sem þau hafa verið að hlusta á undanfarið og rifja upp hver þau eru.

Skoða bækur af bóksafni með sögum og ævintýrum um umhverfið t.d.:

Tár úr steini,

Skýjahnoðrar

Einnig skoðaðar listaverkabækur þar sem umhverfið er fyrirmynd myndverksins t.d. landslag, hús, skip, blóm o.s.frv.

skoðaðar listaverkamyndir í tölvu,

t.d. [Eggert Pétursson](#), [Jóhannes S. Kjarval](#), [Ásgrímur Jónsson](#), [Louisa Matthíasdóttir](#), [Gunnlaugur Scheving](#) o.fl.

Velja bók eða mynd og skrifa nokkur orð um hana á meðf. blað og sýna félögunum.

Syngja: **Út um mó** (bls. 14-15)

Litlu börnin leika sér

Lóan er komin (bls. 16-17)

Sá ég spóa (bls. 16-17)

Vertu til (bls. 16-17)

Hlusta: [Ballett ófæddu unganna úr myndir á sýningu](#)

(Ballet of the Unhatched Chicks)- Mussorgsky

7. lota

Hlustun

Lestur

Ritun

Tjáning

Upplýsingaöflun í tölvu og bókasafni



Ballett er kassískt dansform á sviði þar sem dönsuð er saga við hljómsveitarundirleik. Dansinn er mjög krefjandi og dansað er á tásóm.

Stöðvavinna- klukkuleikur

Nemendur fá kort með klukkumynd sem þau lita og annað með línu sem þau skrifa tímamál á t.d. fimm (með bókstöfum). Þegar allir eru búnir er miðunum hvolft klukkum í einn hóp og orðunum í annan. Nemendur draga sér þrjár klukkur hvert og síðan draga þau einu sinni úr orða buncanum og reyna að fá þar. Ef það gengur leggja þau parið á borðið þannig að allir sjái og mega þá draga nýja klukku og orð og sjá hvort þau fái þar. Ef ekki segja þau pass og næst tekur við í hringnum og áfram heldur leikurinn þar til öll spil hafa parast saman.

Syngja: **Stóra klukkan** (bls. 22)

Þegar klukkan slær fimm

Hlusta: [Syncopated clock](#) – Leroy Anderson



8. lota

Að þekkja á klukku og para saman klukkumynd og tíma.

Syngja



Gangið í halarófu við lagið *Syncopated clock* og sveiflið höndunum eins og rúðuþurkum á bíl. Takið eftir þegar klukkan ruglast.

<p>Einstaklingsvinna</p> <p>Allir búa til berjabókin mín (meðfylgjandi). Í henni er forsíða og fjórar síður fyrir bláber, aðalbláber, krækiber, hrútaber. Berin eru stimpluð í ramma með fingurgómunum og þekjulit. Litlifingur fyrir hrútaber, vísifingur fyrir krækiber, baugfingur fyrir aðalbláber og langatöng fyrir bláber, síðan eru lafin teiknuð með trélit þegar berin eru þurr. Settar eru upp fjórar starfsstöðvar ein fyrir hvert ber og nemendum skipt í fjóra hópa sem fara á milli stöðva. Á línurnar fyrir neðan rammann skrifa nemendur fjálst frá eigin brjósti, ljóðlínu eða fróðleik úr bókum eða af berjavefnum af netinu.</p> <p>Syngja: Litlir kassar (bls. 18-21) Heim í heiðardalinn (bls.21-24)</p> <p>Hlusta: Írska svítan (Irish Suite)-Leroy Anderson Litlir kassar (Little boxes) – Seeger</p>	<p>9. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Upplýsingaöflun í tölvu og bókasafni Ritun Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Svíta Svíta er nokkrir smáþættir sem raðað er saman fyrir hljómsveit.</p> <p> Syngið <i>Little boxes</i> á ensku og reynið að skilja textann, á hann við með okkur?</p>
<p>Sýning</p> <p>Sýna berjabækurnar sínar. Nemendur gefa bókunum stjórnur. Nemendur syngja.</p>	<p>10. lota</p> <p>Tjáning Munnleg tjáning Framsaga</p>

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU UMHVERFIÐ

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Í skólanum

Í skólanum, í skólanum
er skemmtilegt að vera.
Við lærum þar að lesa strax
og leirinn hnoðum eins og vax.
Í skólanum, í skólanum
er skemmtilegt að vera.

Það er leikur að læra

Það er leikur að læra
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira' í dag en í gær.

Bjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálsleg í fasi.
Fram nú allir í röð.

Guðjón Guðjónsson

Inn og út um gluggann

Inn og út um gluggann
Inn og út um gluggann
Inn og út um gluggann
og alltaf sömu leið.

Nem ég staðar bak við hana/hann
Nem ég staðar bak við
Nem ég staðar bak við
svo fer hún/hann sína leið.

Litirnir

Grænt, grænt, grænt
er grasið úti í haga.
Grænt, grænt, grænt
er gamla pilsíð mitt.
Allt sem er grænt, grænt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla Jón á Grund

Gul, gul, gul
er góða appelsínan.
Gul, gul, gul
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð
er rósinn hennar mömmu. Rauð, rauð, rauð
er rjóða kinninn mín.
Allt sem er rautt, rautt finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla indíánann.

Svart, svart, svart
er sjalið hennar frænku.
Svart, svart, svart
er litla lambið mitt.
Allt sem er svart, svart
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt
er hafið bláa hafið.
Blár, blár, blár
er blái himininn.
Allt sem er blátt, blátt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla sjómanninn.

Litirnir

Ég heiti Óli rauði og allir þekkja mig
því allir jólasveinar nota rautt í föt á sig.
Rauð eru eplin góðu og reyniberin smá
og rauður er hann kjóllinn sem hún Gunna á að fá.

(viðlag)

Já, við litum og litum, við litum stórt og smátt.
Við litum grænt og brúnt og rautt og gult og fagurblátt.
Já, við litum og við litum allt sem litir geta prýtt,
og líki okkur það ekki við byrjum upp á nýtt.

Ég heiti Stjáni blái og blátt ég lita flest.
berjaklasa, fjóluvönd og ævintýrahest.
Blá eru líka vötnin og blár er fjörðurinn,
og bláa lítinn notar þú á sjálfan himininn.
Já við litum og við.....

Ég heiti Gústi græni og á greniskóga og hey
þú getur notað litinn minn, á vetrum sést ég ei.
En þegar vorið kemur, þá kem ég fljótt í ljós
og klæði grænu engin, tún og blöð á hverri rós.
Já við litum og við.....

Ég heiti Geiri guli og er gulur eins og sól.
Gulur eins og fífill eða kertaljós um jól.
Og blandaður með rauðu er ég eins og kvöldroðinn.
Með ósköp litlu bláu eins grænn og skógurinn.
Já við litum og við.....

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló klifraði upp á vegg
svo kom rigning og Kalli litli féll.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,
þá gat Kalli litli könguló kifrað upp á topp.

Hver er sá veggur víður og hár

Hver er sá veggur víður og hár,
vænum settur röndum
gulur, rauður, grænn og blár
gerður af meistara höndum.

Með vindinum þjóta skúraský

Með vindinum þjóta skúraský,
drýpur dropp, dropp, dropp,
drýpur dropp, dropp, dropp,
og droparnir hníga og detta' á ný,
drýpur dropp, dropp, dropp,
drýpur dropp, dropp, dropp.

Nú smáblómin vakna' eftir vetrarblund,
drýpur dropp, dropp, dropp,
drýpur dropp, dropp, dropp,
þau augun sín opna er grænkar grund,
drýpur dropp, dropp, dropp,
drýpur dropp, dropp, dropp.

Margrét Jónsdóttir

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.
Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna.
Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps, í rokinu
klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.
Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá?
Hvar þá, hvar þá, hvar þá,
hvar þá, hvar þá, hvar þá,
hvar verðum við skýin þá?

Spilverk þjóðanna

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir glettnir og hraðir
geysast um löndin, rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður.
Frjálst er í fjalladal.

Þýð: Helgi Valtýsson

Ég bið að heilsa

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.
Á sjónum allar báurur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.
Ó, heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í Drottins ást og friði.
Kyssið þið, báurur, bát á fiskimiði.
Blásið þið, vindar, hlýtt á kinnnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer,
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín,
Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu.
Þróstur minn góður, það er stúlkan mín.

Jónas Hallgrímsson

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku besti vinur minn.

Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassa-sa.
Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassa-sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól

Elsku besti stálagrér,
heyriðu hvað ég segi þér:
„Þú hefur étið úldið smér,
og dálítið af snæri,
elsku vinurinn kæri“.

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leynd.
Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina?

Höfði stingur undir væng,
hleypur nú á snærið.
Hún Gunna liggur undir sæng,
öll nema annað lærið.
Nú er tækifærið.

Ólafur Kristjánsson frá Mýrarhúsum

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu' í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla' að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Þorraþræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hriðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.
- Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél,
yfir móa og mel
myrkt sem hel.“

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein
gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:
„Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa, en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.“

Kristján Jónsson

Við göngum mót hækandi sól

Við göngum mót hækandi sól, sól, sól
og sjáum hana þíða allt er kól, kól, kól,
svo vætlurnar streyma og vetrinum gleyma
því vorið er komið með sól, sól, sól.

Ó, heill sé þér bráðláta vor, vor, vor.
Velkomið að greikka okkar spor, spor, spor,
því ærsl þín og læti og ólgandi kæti
er æskunnar paradís, vor, vor, vor.

Og hjörtu' okkar tíðara slá, slá, slá.
Við slöngvum deyfð og leti okkur frá, frá, frá
og leggjum til, iðin, í leysingjakliðinn
það litla sem hvert okkar má, má, má.

Aðalsteinn Sigmundsson

Ó, blessuð vertu sumarsól

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðavötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
á hvíta jökulkinn.

Þú fróvgar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali' og klæðir allt,
og gangirðu' undir gerist kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðavötnin blá.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin hvika' á kinn
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrin löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.

Páll Ólafsson

Sól, sól skín á mig

Sól, sól skín á mig,
ský, ský burt með þig.
Gott er í sólinni að gleðja sig,
sól, sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í blænum,
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.
Ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægrin löng.

Signir sól

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð,
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Gunnar M. Magnúss

Ég á lítinn skrýttinn skugga

Ég á lítinn skrýttinn skugga,
skömmin er svo líkur mér,
hleypur með mér úti' og inni,
alla króka sem ég fer.
Allan daginn lappaléttur
leikur hann sér kringum mig.
Eins og ég hann er á kvöldin,
uppgefinn og hvílir sig.

Það er skrýtið, ha ha ha ha,
hvað hann getur stækkað skjótt,
ekkert svipað öðrum börnum,
enginn krakki vex svo fljótt.
Stundum eins og hugur hraður
hann í tröll sér getur breytt.
Stundum dregst hann saman, saman
svo hann verður ekki neitt.

Sig. Júl. Jóhannesson

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina.
Faldi þá alla, vildi þeim leyna.
Huldi þar í hellisskúta heillasteina,
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina.
Lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga.
Ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur,
geti þær fundið telpa' eða drengur,
silfurskæra kristalla með grænu' og gráu,
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Kall sat undir kletti

Kall sat undir kletti
og kordur sínar sló.
Hann hafði skegg svo skrýtið
og skögultönn, og hló.
Hann hafði skegg svo skrýtilegt
og skögultönn, og hló.

Síðan hefur hvorugt
hér um slóðir sést.
Sá gamli var víst ekki
eins gamall og hann lést.
Sá gamli var víst ekki nærri því
eins gamall og hann lést.

Huldan upp í hamri
heyrði ljúfan klið,
hún læddist út úr hamri
og lagði eyrun við.
Hún læddist út úr hamrinum
og lagði eyrun við.

Halldóra B. Björnsson

Út um mó

Út um mó, inn í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Litlu börnin leika sér

Litlu börnin leika sér,
liggja mónum í,
þau liggja þar í skorningum
og hlæja, hí, hí, hí,
þau úða berjum upp í sig
og alltaf tína meir,
þau elska berin bláu
og brauðið með.

Í berjamó er gaman,
börnin leika saman,
börnin tína í bolla
og brosa við.
Sólin litar hólinn,
heiðbláan kjólinn,
um jörðu hrærast
því ljúft er geð.

Þjóðvísa

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindi, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna,
vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson

Sá ég spóa

Sá ég spóa
suðu'r í flóa,
syngur lóa
út í móa.
Bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið
víst á ný.

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Tryggvi Þorsteinsson

Litlir kassar

Litlir kassar á lækjarbakka,
litlir kassar úr dinga linga ling.
Litlir kassar, litlir kassar,
litlir kassar allir eins.
Einn er rauður, annar gulur,
þriðji fjólublár og fjórði röndóttur.
Allir búnir til úr dinga linga
enda eru þeir allir eins.

Og í húsunum eiga heima
ungir námsmenn sem ganga í háskóla
sem lætur þá inn í litla kassa,
litla kassa alla eins.
Þeir gerast lækna og lögfræðingar
og Landsbankastjórnendur.
Og í þeim öllum er dinga linga,
enda eru þeir allir eins.

Þeir stunda sólböð og sundlaugarnar.
Og sjússa í Naustinu
og eignast allir börn og buru,
og börnin eru skírð og fermd.
Og börnin eru send í sveitina
og síðan beint í Háskólann
sem lætur þau inn í litla kassa,
og út úr þeim koma allir eins.

Heim í heiðardalinn

Hér stóð bær með burstir fjórar,
hér stóð bær á lágum hól.
Hér stóð bær sem bernsku minning
vegur bjarma af morgunsól.
Hér stóð bær með blóm á þekju
hér stóð bær með veðruð þil
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó,
kominn heim til að heilsa mömmu,
kominn heim í leit að ró,
kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosató.
Ég er kominn heim í heiðardalinn
ég er kominn heim með slitna skó.

Stóra klukkan

Stóra klukkan segir
tikk, takk, tikk, takk.
Litla klukkan segir
tikka, takka, tikka, takka.
Litla vasaúrið segir
tikka, takka, tikka, takka, tikka, takka, tikk.

Og ungu mennirnir allir fara
út í „bissnes“ og stofna heimili.
Og svo er fjölskyldan sett í kassa
„svotla“ kassa alla eins.
Einn er rauður, annar gulur,
þriðji fjólublár, fjórði röndóttur.
Allir búnir til úr dinga linga
enda eru þeir allir eins.

Litlir kassar á lækjarbakka,
litlir kassar úr dinga linga ling.
Litlir kassar, litlir kassar,
litlir kassar allir eins.
Litlir kassar á lækjarbakka
að lokum tæmast og fólk sem í þeim bjó
er að sjálfsögðu sett í kassa
svarta kassa, alla eins.

Pórarinn Guðnason

Hér stóð bær sem hríðin barði,
hér stóð bær sem veitti skjól.
Hér stóð bær sem pabbi byggði
undir brekku á lágum hól.
Hér stóð bær sem blíðust móðir
vígði bæn og kærleiksyl.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó,
kominn heim til að heilsa mömmu,
kominn heim í leit að ró,
kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosató.
Ég er kominn heim í heiðardalinn
ég er kominn heim með slitna skó.

Loftur Guðmundsson

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmpættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmpættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmpættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.


Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná

augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrfin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsblað og spyrja: „ Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsblaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**



Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

Komdu og skoðaðu umhverfið -vinnublöð-

Komdu og skoðaðu umhverfið - Lykilorð

UMHVERFIÐ



Komdu og skoðaðu umhverfið - Lykilorð

UPPÁHALDSSTAÐUR



--	--	--

--	--	--

--	--	--

--	--	--

--	--	--


--	--	--

--	--	--

Nafn _____

Uppáhalds veðrið mitt







11:20



7:50



4:25



10:30



6:40



12:10



8:45



2:55



1:00



1.



2.



3.



4.




5.



6.



7.




8.



9.

Komdu og skoðaðu umhverfið - orðasúpa




L K I P S T B A K T E R Í U Þ
 Ð U L A N G E O R K A M S M R
 S U N U R H I F K N O Á K E Í
 Þ Ó P G Ó S N L L R O N K Y H
 E P L V U R A B U L Ó U S J Y
 Z V Ú Ö A U G R K Í O Ð X A R
 Þ I S Ð J T R S K U R F Ú R N
 R N S V Ó L N G A U F R T M I
 Í I Ó A N A N I A S H Ú S A N
 H R R I G N I N G H J U R F G
 E A H Ö F U Ð K Ú P A X R Í U
 I Í N A H S K Ó L I R F Ý Y R
 M L Ö K H R I N G U R J R S R
 A R A F L I T A U G A R Ó A U
 R L Í F E R H Y R N I N G U R

Finndu orðin:

SKÓLI	FERHYRNINGUR	SÓL
HEIMA	ÞRÍHYRNINGUR	LOFT
VINIR	VATN	ORKA
HRINGUR	RIGNING	KLUKKA

Komdu og skoðaðu umhverfið - orðaskuggar






Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

rigning, klukka, heima, orka, hringur, sól, loft, vinir, vatn

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

